

Viðbragðsáætlun við skógar- og gróðureldum

Komi upp skógar- eða gróðureldur í skógi ber að fylgja meðfylgjandi viðbragðsáætlun.

Kalla út aðstoð við slökkvistarf í gegnum neyðarlínu 112.

- Segið á hvaða jörð og í hvaða skógi eldurinn er.
- Reynið að staðsetja eldinn innan skógarins og notast við fyrir fram ákveðið númerakerfi á korti til þess leiðbeina slökkviliði.
- Lýsið staðháttum og hvernig slökkvilið kemst best að með tæki og búnað að eldinum.
- Aðstoð má alltaf afturkalla ef aðstæður breytast.

Bregðast við skjótt og fara með öll tiltæk slökkvitæki og mannskap á staðinn og reynið að slökkvið eldinn.

- Hefja aðgerðir sem allra fyrst. Sækja að eldi undan vindi þannig að reykmengun hindri ekki yfirsýn og aðgerðir. Eldur berst hraðar upp brekkur en niður.
- Klöppur og blautir strákústar eða strigapokar eiga alltaf að vera nærtæk, slökkvitæki.
- Reykur frá gróðureldum getur verið varasamur fyrir öndunarfærin.
- Sé ekki ráðið við eldinn, t.d. vegna hvassviðris, skal gera ráðstafanir til að mynda eldvarnarlínu í nægilegri fjarlægð undan vindi svo tími gefist til að undirbúa hana, t.d. með því að bleyta í gróðri eða ryðja honum burt.

Metið aðstæður og kannið hvort byggingar eða fólk séu í hættu.

- Takið ekki áhættu hvað varðar eigið öryggi og látið fólk sem kynni að vera í hættu strax vita af eldinum, jafnvel þótt það sé talsvert langt í burtu.